



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**38. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 5. september 2022
og hófst hann kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Vignir Hlööversson, Svana Helen Björnsdóttir, Valdimar Víðisson, Jón Viggó Gunnarsson, Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2023-2027 - 2108006

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. og Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri Sorpu bs. kynna forsendur og fyrstu drög að fjárhagsáætlun Sorpu bs. Umræður.

Gestir

Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir

Niðurstaða:

Eigendavettvangur samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2023 sem verði tekin fyrir á næsta eigendafundi.

2. Urðun í Álfsnesi - Eigendasamkomulag - 1506001

Á 470. fundi stjórnar Sorpu bs. sem fram fór hinn 26. ágúst 2022 var eigendasamkomulag frá 2013 og viðauki við það frá árinu 2020 um að hætta að urða í Álfsnesi og staða og horfur þess máls til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna málsins:

"Stjórn SORPU óskar því eftir að koma á fund stjórnar SSH þar sem eigendasamkomulag SORPU ásamt viðauka verði tekið til umræðu."

Fyrirliggjandi er þá stöðumat sem kynnt var á ofangreindum fundi stjórnar Sorpu bs.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnir framangreint og hvernig magn urðaðs úrgangs hefur dregist saman en núgildandi eigendasamkomulag gerir ráð fyrir því að urðun í Álfsnesi verði hætt í árslok 2023. Vonir standi til að áfram dragi úr urðun en þó þurfi áfram að urða úrgang í einhverjum mæli en nýr urðunarstaður hefur ekki verið fundinn. Umræður.

Gestir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir

Niðurstaða:

Áfram verið unnið að lausn þessa máls á vettvangi stjórnar Sorpu bs. Formönnum stjórna SSH og Sorpu bs. ásamt framkvæmdastjórum SSH og Sorpu bs. er þá falið að eiga samtal við umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið varðandi hugsanlega aðkomu og þátttöku ríkisins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:15.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026